

HEIMIR



V. árgangur

WINNIPEG, 1908.

2. blað.

KVEÐJA TIL ÍSLANDS.

Flutt á nítjándu þjóðhátið Vestur-Íslendinga, í Winnipeg 3. Ágúst 1908.
af

GÍSLA JÓNSSÝNI PRENTARA.

I.

Vænglausum flug
víðan um heim
æ er í ómegni grafið.
Heinifúsum hug
hamför um geim
neinn fær þó tálmað né tafið.

Hafin er för,
hálfnað er skeið,
flogið á ljósvakans fjöðrum.
Fljótara ör
farin er leið;
áð er á ættarlands jöðrum.

II.

Og miðnætursólin þar brosir svo blíð
og baðast í gullrendum öldum.
En skuggarnir læðast frá hamri og hlíf
sem hlustandi svipir frá ómunatíð,
sem drættir í útsaum af íslenzkum kvöldum,
sem í mynd af híalíns tjöldum.

Og sæfarinn berst upp á sólroðinn tind
og sjónum um landið sitt rennir:—
Þar jöklarinn svipmikla, svellsteypta mynd
í saeblárra laugar sig himinsins lind, —
en röðull í glóandi geislum þá brennir,
og gníþurnar ljósörnum spennir.

Og nið'r undan freyða þeim fallþungar ár
með fossum og strengjum og hyljum,
er lagið sitt gnýsterka ár eftir ár
til eilífðar drynya, svo jökullinn hár
sem álmstrengur bifast, — en gnauðar í giljum
og gníþum af stórvíðris byljum.

En neðra, um hlíðar og hjalla og sund,
er háværðin þýðari og minni, —
því lágnóttin fuglana fellir í blund
og faðmar öll blómin með daggvotri mund.
Svo lindurnar einar, á ljóðhörpum sinni,
nú leika sitt ættjarðarminni.

Um óttuskeið röðull er runninn úr lá,
og rökkrið til undanhalds lætur,
en sválandi fjallblærinn strýkur hvert strá,
og stýrurnar þurkar af letingjans brá. — — —
Eg svo vildi mynd hinnar síðstu nætur,
er sofna' eg þér, Ísland, við fætur.

Og nú finst mér blærinn, er bulðrat við strá,
 hvert brimsog, hvert fuglsvak við græði,
 hvert bergmál, hver árniður af dökum frá,
 hvert íslendings hjartaslag, leyndasta þrá, —
 einn óslitinn hljómur úr ættjardarkvæði,
 er ómar frá jöklum að flæði.

III.

Ég dveł hjá þér, Ísland, ó, ættjörð mán kær,
 í anda svo fjölmarga stund.
 Og þú ert mér hjartkarri' eg hug mínum nær,
 en hávaða lýðsins — þótt búi' eg þér fjaer—
 er byggir þín andnes og afdali' og lengst út við sunn!

Því ástin ei varir né vex, sé hún mæld
 á veg eða steigld undir láss.
 Og vít því ei börn þín, þótt verði þau tæld
 af vordraumum sínum um metord og saeld,
 og unj' ekki heima sem klafaðir kálfar á bás.

Það er ekki' af skorti á einlagum hug,
 þótt orku hér bresti' oss og magn.
 Því brennandi æfistrít eyddi vorn dug,
 og anda þann vængstýfði', er leitaði' á flug.
 Og erlent var tjóðrið og taumurinn erlendra gagn.

Svo fellur úr tölnni eimur eftir eimur
 í útlendings fáskrýdda gröf.
 Og ef til vill verð eg sem aðrir of seinn,
 því austrið er fjarri, þótt vegur sé beinn
 um sléttur og klungur, um alvídd og ómælis höft.

IV.

En kynstofninn lifir
 þó aldirnar yfir
 ef andinn er sannfrjáls og hugurinn djarfur,
 ef sýnum í verki
 þess varanleg merki,
 að veglyndi' og þrek sé vort tannfé og arfur.

Og, Ísland, lát skína
 oss skrautkápu þína,
 svo heímtist þér börnin þín heim yfir æginn.
 Lát snætinda gnæfa,
 svo skjálfandi skræfa
 brott skelfist, og hverfi um aldur í sænn.

Lát hljóðfall og hending,
 lát hafnstæði og lending
 af vitsmunum skipast og vilja úr stáli.
 Lát drenglyndið vaka.—
 þá síður mun saka,
 þótt sífelt ei fylgi þér allir að málí.

V.

Í öllum löndum eru tímamót,—
 hjá ýmsum stærri' í dag en kannske' á morgun,—
 er fjöldinn vaknar upp við hark og hót
 og heimtar sína þúsund ára borgun
 af okurstjórn, er etur landsins gæði,
 en eftir skilur naumast sultarfæði.

Og, Ísland, þú varðst þrælatökum háð,
 og þrautasporum mörkuð var þín saga.

Þau verða ei um aldir burtu máð,
því enn þá vargar rætur þínar naga.
Þó var ei þér það vitund um að kenna,—
það voru handverk þinna ofurmenna.

Þú íturmenni enn átt glæsileg,—
en einnig varga hulda sauðargærð,
er segjast vilja sóma þinn og veg,
en samt þig reyna' að sneyða fé og æru.
Að þrátta um nöfnin þætti illa sæma.
Vér þekkjum mörg. En Saga ein skal dæma.

En, Ísland, þú átt enn í vændum sæmd,—
sem áður fyr á þínnum blóma dögum,—
er kongsdýrð þín og klerkaöld er dæmd,
en kongar andans skipa og ráða lögum.
Sá tími enn í alda reifum liggur,
en er þó nær en margur kannske hyggur.

VI.



Sárasta þrá
sonarhug i
rætist ei komandi á kvöldum.
Hálfkveðin spá
hyllir við ský
tímans of útsævar öldum.



„Pragmatism”

Fyrirlestur fluttur á fjórða kyrkjupingi ísl. UNITARÍ í Vestur heimi
14. Júní 1908, af

GUÐMUNDI ÁRNASYNI.



Þ ÖLLUM LÍKINDUM hefir sumum af yður, sem nái eruð hér stödd, flogið í hug, þegar þér lásuð auglýsinguna um efni þessa fyrirlestrar, máltaðið al-kunna: „Altaf heyri eg eitthvað nýtt“. Yður hefir ef til vill virzt það bera vott um dálitla tilgerð á mína hlið að fara að ræða hér um málefni, sem er flestum með öllu ókunnugt; og sem eg, að öllum líkindum, hefði mjög takmarkaða þekkingu á sjálfur. Eg skal fúslega játa að „Pragmatism“ er ekki málefni, sem stendur í nokkru sérstöku sambandi við starf það, sem við, sem meðlimir unístarisks kyrkjufélags, höfum hér með höndum. Eg skal líka játa, að skilmingur minn og þekking á þessu máli er næsta ófullkomin. Þen þar sem að hér er um nýja stefnu í heimsspeki að ræða, sem óhjákvæmilega hefir áhrif á trúarbrögð frjáhlshugsandi manna, álit eg að lítill upplýsing sé betri en engin, og geti haft þýðingu fyrir oss sem hugsandi menn og konur, er fylgjast vilja með í andlegum hreyfingum og stefnum nútímans.

Eg bið afsökunar á því strax í byrjun, að eg verð að nota nokkur ensk orð í þessum fyrirlestri. Eg veit hvað óviðkunnanlega það laetur í eyrum þeirra af yður, sem vilja heyra íslenzka tungu hrcina og óblandaða. Þen miður finst heppilegra að nota nokkur útlend orð með viðeigandi skýringum, heldur en ef til vill að verða misskilinn.

Orðið „pragmatism“ er myndað af gríska orðinu „pragma“, sem þýðir hlutur og einnig verk eða framkvæmd. Ensku orðin „practice“ og „practical“, sem allir kannast við úrdaglegu máli, eru af sömu rót runnin. Fyrir aðeins tíu árum síðan var orðið „pragmatism“ fyrst notað til að tákna vissa heimsspekisstefnu. Það var professor William James við Har-

ward háskólann sem fyrstar notaði það í þeirri merkingu. Síðan 1898 hefir stefna þessi náð mikilli útbreiðslu á meðal heimspekinga baði hér í Ameríku og í Evrópu, og nú á síðastliðnum tveimur til þremur árum hefir um ekkert verið eins mikil í ritað í heimspekisleg tímarit og þessa nýju stefnu. Auðvitað er pragmatisminn ekki alveg nýr. Engin stefna verður til alt í einu. Ýmsar aðrar skoðanastefnur hafa verið, í mörgum atriðnum líkar honum. Professor James sjálfur kallar pragmatismann: „a new name for some old ways of thinking“ — nýtt nafn á nokkrum gömlum aðferðum að hugsa. En þrátt fyrir það má segja að pragmatisminn sé ný stefna, því baði er hann að mörgu leyti þýðingar- og yfirgrips-meiri heldur en nokkur önnur svipuð stefna, og í rann og veru alveg óháður öllum eldri stefnum þegar á alt er litið.

Sem helztu formælendur pragmatismans á meðal ensku-mælandi þjóða má geta auk professors James, sem má kallast aðalleiðtogi hans, þeirra, professor F. C. S. Schiller við Oxford háskólann á Englandi og professor J. Dewey við Columbia háskólann í New-York. Hvorki þessir menn né fylgjendur þeirra eru alveg samímála í öllum atriðum. Prof. Schiller t. d. hefir gefið sinni stefnu nafnið „Humanism“, en þrátt fyrir það eru skoðanir þeirra á öllum aðalatriðum svo líkar að það má telja þá alla formælendur hinnar sömu stefnu.

Hver eru þá meginatriði pragmatismans? Hvað er það, sem gerir hann að sérstakri stefnu? Í nokkrum alþýðlegum fyrirlestrum um heimspeki, sem prof. James hélt í Boston árið 1906, og sem út voru gefnir í fyrra undir nafninu „Pragmatism“ tekur hann skýrt fram, að samkvæmt sínunum skilningi, sé pragmatisminn fyrst af öllu aðferð til að hugsa og rannsaka en ekki nein ákveðin heimspeki í þess orðs vanalegu merkingu. En jafnframt því sem hann er aðferð til að hugsa, er pragmatisminn eins og prof. James segir á öðrum stað í bók sinni, nú alment ætlaður að vera nokkurnvegin ákveðin skoðun á eðli mannlegrar þekkingar og hugmynda, og sérstaklega ný útskyring á eðli sannleikans. Ennþá sem komið er er pragmatisminn ekki nein ákveðin skoðun á allri tilverunni. Hvort hann nokkurntíma

verður það, verður tíminn að leiða í ljós. Þar sem að pragmatisminn er fyrst og fremst aðferð til að hugsa liggar í augum uppi að mismunandi skoðanir geta átt sér stað á meðal þeirra, sem aðferðinni fylgja, vegna þess að í öllu hugsanalífi manna má merkja áhrif úr mörgum áttum, svo þó að hugsanalíf einhverra einstaklinga, hvort sem þeir eru margir eða fáir, fylgi sinni aðal stefnu er ekki sjálfsagt að allir fallist að endingu á nákvæmlega sömu skoðanir. Það á sér aldrei stað nema þar, sem allir lúta einhverju ytra valdi, er skipar þeim hvaða skoðanir þeir skuli hafa og hverju þeir skuli trúua, en í heimspeki er ekkert slíkt vald til. Pragmatisminn er þá fyrst og fremst vegur til að hugsa, og þar næst nýr skilningur á gildi skoðana og hugmynda. Hann er stefna, sem rúmar margar ólíkar skoðanir, en sem þrátt fyrir það gengur í eina aðalátt. Með því að pragmatisminn, eins og allar nýjar stefnur, verður bezt skoðaður í móttsetningu við stefnu þá sem hann er aðallega mótmæli gegn, vil eg, áður en eg leitast við að útskýra hann betur, benda á nokkur hin þýðingarmestu atriði þeirrar stefnu.

Stefna sú, sem er andstæð pragmatismanum nefnist á máli heimspekinganna rationalismi. Eins og allir, sem þekkja sögu heimspekinnar vita, er sú stefna bæði gömul og viðtæk. Það má segja að hún hafi byrjað með grískra heimspekingnum Platónum um bil 380 árum f. K. og ávalt síðan hefir hún í einni eða annari mynd verið hin ráðandi stefna í heimspeki meðal Evrópu þjóðanna. Eg vel fjóra heimspekinga, sem enginn mun efast um að séu fullkomnir rationalistar sem sýnishorn af þessari stefnu. Þeir eru: Spinoza og Hegel, sem báðir voru uppi áður en hinar miklu vísindalegu framfarir náttjándu aldarinnar fóru að hafa áhrif á heimspekis og trúarskoðanir manna, og Mr. Bradley á Englandi og próf. J. Royce við Harward, sem báðir eru nú lifandi.

'Spinoza byrjaði sínar heimspekis hugleiðingar með því að gera ráð fyrir að tilveran væri í insta eðli sínu óskynjanleg; að það sem vér skynjuðum væri ekki insti kjarni hlutanna heldur aðeins yfirborðið. Þetta óþekta, er hann nefndi „ substance “ hefir, samkvæmt kenningu hans, tvö eðli, sem bæði eru eilíff og

óumbreytanleg. Þessi tvö eðli eru hugsun, meðvitund og stærð í rúmi. Hvort þessara eðla er einkent með óteljandi háttum, er gera þau skynjanleg. Hinn skynjanlegi heimur vor er mynd- aður af ótolulegum grúa slíkra hátta, en um hinn innri virkileika getum vér ekkert annað sagt en að hann á sér stað. Það er fliðtséð hvert er aðalatriðið í kenningu þessari. Hún er ekki bygd á reynslu og styðst ekki við hinn skynjanlega virkileika. Insta eðli tilverunnar er óskynjanlegt, vér getum aldrei vitað hvað það er. Það eina sem vér vitum nokkuð um er yfirborðið, það, sem sýnist en í raun og veru er ekki. Ef vér nú spryrjum hvers vegna Spinoza hlaupi svona yfir alt hið þekkjanlega og byrji á því að gera ráð fyrir virkileika, sem er í raun og veru ó- þekkjanlegur, þá verður svarið, vegna þess að hann leitaðist fyrst og fremst við að byggja upp skoðanakerfi, sem væri hár- rétt og laust við allar misfellur frá rökfræðislegu sjónarmiði. En til þess að geta það varð hann að leggja annað til grund- vallar fyrir hugmyndum sínum en reynsluþekkingu manna á heiminum.

Hegel, einn hinn frægasti heimspekingur Þýzkalands, bygði sína heimspeki á þeirri meginreynslu, eð hver hlutur ætti sína andstæðu, og að bæði hluturinn og andstæðan rynnu saman og mynduðu samstæðu. Hver einstakur hlutur er til vegna þess að aðrir hlutir honum ólíkir eru til. Það, að allir hlutir eru ekki eins gefur hverjum einstökum hlut sína einstaklings til- veru. En enginn hlutur getur átt sér stað einungis vegna þess að hann er sérstakur og ólíkur öllum öðrum hlutum. Paraf- leiðandi verður hann að standa í þannig löguðu sambandi við einhvern annan hlut, að hann með honum myndi einhverskonar heild. Sú heild hefir einnig sína andstæðu, sem með henni mynda nýja samstæðu. Og svo hver af annari unz allar hverfa í eina alfullkomna alheimsheild. Hegel var svo sannfærður um að þetta væri hið eina mögulega ásigkomulag allrar tilverunnar, að hann þýddi viðburði sögunnar samkvæmt þessari reglu. allir geta víst séð, að það er ekkert náttúrlegt við þessa lýsingu Hegels á tilverunni. Rökfræðislega er hún rétt, en þegar til þess kemur að gera hana að algildri reglu fyrir eðli og ásig-

komulagi allra hluta verður hún eins og fat, sem er tilbúið eftir öllum reglum skraddaraiðnarinnar, en, sem samt sem áður er ekki hæfilegt vaxtarlagi nema aðeins fárra manna.

Próf. Royce og Mr. Bradley eru svo líkir í aðalskoðunum sínum að óþarf er að gjöra greinarmun á þeim að einu atriði undanskildu. Í bók sinni, „The World and the Individual“, heldur próf. Royce fastlega fram þeirri sameiginlegu skoðun allra „rationalista“ að heimurinn sem heild hljóti að vera alfull-komin. Það sem hann kallar „the Absolute“ er alheimsmeð-vitund. Þessi alheimsmeðvitund, segir hann að sé lifandi og starfandi í hverri efnisfrumögn, og alstaðar eilíflega jafn virki-leg. Í alheimsmeðvitundinni getur enginn ófullkomleiki átt sér stað, því ófullkomleikinn er einkenni hinnar takmörkuðu mannlegu meðvitundar. Öll vor reynsla og þekking á alheiminum er í molum og ófullkomin, en vegna þess að vér altaf leitum að fullkomnun og reynum að finna heild í þeim þekkingabrotum, sem vér höfum, hlýtur að vera til í heildinni meðvitund, sem hefir alt þetta, er vér leitum að. Að alheimsmeðvitundin eigi sér stað, segir próf. Royce, sé alveg óhjákvæmileg ályktun, vegna þess að það eina verulega, sem vér þekkjum í þessum heimi, sé meðvitund eða sálarlíf. Reynslan kennir oss það ótvíræðlega, og sá, sem ekki getur séð það, segir hann, að geti ekki hugsað rétt og alvarlega um þessi efni. Próf. Royce við-urkennir að aðferð pragmatistanna sé rétt, að hún sé í rauninni sú eina aðferð, sem mögulegt sé að fylgja í heimspeki á þessari vísinda öld, en hann heldur því fram að hún nái of skamt. Reynsluþekkingin er fyrra sporið, en þar sem henni sleppir verðum vér að draga ályktanir, ef vér hugsum á annað bord, sem ekki verða sannaðar eða hraktar með neinni reynsluþekkingu, heldur eiga sannleiksgildi sitt undir því hversu réttar þær eru frá rökfræðislegu sjónarmiði. Mr Bradley, sem er próf. Royce samdóma hvað flestum skoðunum viðvíkur, neitar því að reynsluleg þekking hafi nokkurt gildi þegar um eðli og ásig-komulag heildarinnar er að ræða. Hann heldur fram, að það, sem vér skynjum sé aðeins skuggi þess óskynjanlega. Hvað

hið óskynjanlega er vitum vér ekki. Vér vitum aðeins að það er til, og að það er annars eðlis en hið skynjanlega.

Eg vona að þessi dæmi nægi til að sýna aðalstefnu rationalistanna. Auðvitað hefir þessi stefna tekið margháttuðum breytingum. Rationalistar nútímans hafa skoðanir mjög ólíkar þeim, sem rationalistar fyrri tíma höfðu. Sérstaklega hafa vísindalegar kenningar, eins og breytíþróunarkenningin t. d., átt mjög mikinn þátt í því að breyta skoðunum heimspekinganna á eðli tilverunnar. En þrátt fyrir það er samt aðalinn tak rationaliskrar heimspeki altaf hið sama, nefnilega að mynda skoðanakerfi, sem nái útyfir heildina, og sem útskýri eðli heildarinnar á einhvern þann hátt að hugsun mannsins, sem ávalt leitar að einhverju síðasta, einhverju sem hún getur hvílt sig við, sé fullnægt. Rationalistinn lætur sér ekki nægja með þekkingarbrotin, honum finst skynjanin komast alt of skamt, honum finst sá heimur, sem vér þekkjum vera aðeins hálfur heimur og þess vegna myndar hann nýjan heim, sem samanstendur af afdregnum ályktunum, heim, sem er fullkominn, sem er algjör, og sem samanborin við þenna heim, er virkileikur hjá skugga. En mörgum virðist hinn verulegi heimur rationalistanna altof þokukendur, virðist að margar af hugmyndum þeirra séu í rauninni ekkert nema heilaspuni, og vilja byggja allar skoðanir um hið óþekta á reynsluþekkingu. Sérstaklega eru það þeir, sem álíta að sannreyndir séu hinn traustasti grundvöllur allra skoðana. Á meðal þeirra, sem þannig hugsa, er pragmatistana að finna.

Hvað hefir þá pragmatisminn að bjóða fyrir hinar afdregnu skoðanir og algildu meginreglur rationalismans? Pragmatistarnir segja að í fyrsta lagi verði öll heimspeki að byggjast á þeirri vísindalegu þekkingu, sem vér höfum á heiminum í kring um oss — á reynslu vorri í viðtækasta skilningi. Að svo miklu leyti eru þeir alveg sammála vísindamönnum þeim, sem halda fram, að yfirskilvitlegar (metaphysical) hugmyndir séu í raun og veru ósannanlegar frá þekkingarlegu sjónarmiði. En þeir neita ekki, eins og margir vísindamenn gera, að þær geti haft gildi frá einhverju öðru sjónarmiði skoðað. Vísindamaðurinn þekkir ekkert annað gildi en þekkingarlegt gildi; fyrir hann

sem vísindamann eru öll önnur gildi f rauninni þýðingarlaus. En fyrir pragmatistann sem heimspeking eru til mörg önnur gildi. Eintóm þekking er ekki hans markmið, fremur heldur en eintóm leikni í því að mæla út lengdir og breiddir er markmið þess manns, sem byggir hús. Pragmatistarnir leggja nefni-lega mikla áherzlu á margbreytni lífsins og reynslunnar. Þeir halda fram að fleira geti haft þýðingu fyrir mannlegar sálinn en þekkingin ein. Pekkingin er eitt af því marga, sem hefir varanlegt gildi, og auðvitað er gildi hennar svo mikilsvert að hver einstaklingur verður að hafa sem mest af henni. Í öðru lagi er það þýðing hlutanna, afleiðingar skoðananna, hugmyndanna og sannfæringanna fyrir mannlífið sjálfst, sem pragmatistarnir leggja aðaláherzluna á. Þeir spyrja fyrst og fremst að hvornig skoðanirnar verði til, í hvaða sambandi þær standi við aðrar skoðanir og hversu vel þær fullnægi þeim tilgangi, sem þær eiga að fullnægja; og svo dæma þeir gildi þeirra alveg eins og gildi hvers hlutar er dæmt eftir því hvað vel hann fullnægir kröfum þeim sem til hans verða gjörðar samkvæmt tilgangi hans. Í þriðja lagi halda pragmatistarnir nýrri skoðun á sannleikanum—skoðun, sem er gagnólik skoðunum rationaliskra heimspekinga á því hvað sannleikurinn sé. Það eru þessi tvö síðarnefndu atriði, sem sérstaklega þursa að útskýrast, því í þeim felst í raun og veru kjarni pragmatismans.

Hvers vegna hafa menn einhverjar vissar skoðanir á þessu eða hinu? Hversvegna taka menn við af öðrum eða mynda sér sjálfrir einhverjar hugmyndir um flest það er á einhvern hátt snertir þeirra einstaklingslíf, eða þá þeirrar heildar sem þeir eru hluti af, og eru reiðubúnir til að halda þeim fram sem bezt þeir geta þegar þeim er mótmælt af einhverjum? Menn hafa auðvitað skoðanir vegna þess að sálarlíf þeirra er svo varið, að þeir geta búið sér til hugmyndir, sem geta átt sér stað fráskildar skynjanlegum hlutum. En svo aðhyllast menn einhverjar vissar skoðanir, búa sér til vissar hugmyndir og halda þeim fram vegna þess að þær hafa, frá einhverju sjónarmiði skoðaðar, meira gildi heldur en aðrar hugmyndir. Það er þetta gildi skoðananna og hugmyndanna og hinn sifeldi mismunur

þess, sem veldur því að vér höfum eina skoðun fremjur en aðra, sem kemur oss til að velja eina hugmynd en hafna annnari. Þetta sést hvergi betur en þar sem einhver nýr hugmynd ryður sér til rúms á meðal annara eldri. Þær hugmyndir són fyrir eru, hafa ákveðið gildi. Þær mynda hugsanalíf þess, sem hefir þær. Frá hans sjónarmiði eru þær sannar. Nýja hugmyndin, sem við bætist breytir að einhverju leysi gildi hinna gömlu. Ef hún gerði það ekki þá væri hún nákvæmlega hin sama og þær, sem fyrir eru. En breytingin, hvort sem hún er mikil eða lítil, verður altaf á þann hátt, að það af gömlu hugmyndunum, sem mest gildi hefir er varðveitt, og sett í samband við hina nýju hugmynd. Það er alt undir gildi hinnar nýju hugmyndar komið, skoðað frá sjónarmiði hvers einstaklings, hversu vel henni tekst að sigrast á eldri hugmyndunum, sem eru henni ósanrímanlegar. Það liggar þá í augum uppi, að hver sú skoðun eða hugmynd, sem ekki snertir að neinu leysi líf vort og einstaklingstilveru hvers um sig, er þýðingarlaus, hefir ekkert gildi af neinni tegund fyrir oss. Hugsum oss t. d. að vér öll sem hér erum stödd hefðum þá skoðun að umhverfis norðurheimsskautið sé autt haf, og enn fremur, að vér værum öll öldungis viss um að ekkert okkar muni nokkrusinni fara í norðurheimskautsför. Hvaða þýðingu gæti sú skoðun haft fyrir oss? Gæti hún á nokkurn hátt breytt hugarfari voru? Gæti hún aukið kosti vora eða minkað galla vora á nokkurn hátt? Gæti hún breytt afstöðu vorri gagnvart öðrum mönnum hið minsta? Ef hún gerði ekkert af þessu, væri oss ekki alveg eins gott að trúá því að umhverfis norðurheimskautið væri ís og ekkert opið haf? Einhver mun svara því að vér trúum því sem oss þyki sennilegast. Auðvitað gerum við það. En hversvegna virðist oss eitt sennilegra en annað? Vegna þess að sá sannleikur, sem vér þykjumst þar sjá hefir þýðingu fyrir oss og aðra meiri en þá sem felst í því, að það er satt en eitthvað annað er ósatt. Pannig t. d. stendur alveg á sama hvort það er autt haf í kringum norðurheimskautið eða ísbreiða. Vér getum sagt að þar sé ísbreiða, það sé hverjum manni auðskilið. En hvaða gildi hefir sá sannleikur fyrir oss? Ekkert, nema því aðeins að um leið sé hægt að sanna

að það hafi einhver áhrif á líf vort hér inni í meginlandi Norður-Ameríku. Svona getum vér prófað hverja einstu skoðun, sem vér höfum; og altaf munum vér komast að sömu niðurstöðunni, nefnilegá að ef skoðunin hefir enga lifandi þýðingu fyrir oss þá megum vér alveg eins vel vera án hennar. Öll reynsla sannar þetta. Menn hætta ekki við að hafa einhverja skoðun vegna þess, að þeim sé alt í einu sannað að hún sé röng, en einhver önnur skoðun rétt, á sama hátt og efnasfræðingarnir sanna oss að einhver hlutur samanstandi af vissum frumefnum, með því að leysa hann upp, og sýna oss hvert frumefni útaf fyrir sig, heldur vegna hins, að hún hefir einhværa orsaka vegna hætt að hafa það gildi fyrir líf þeirra og tilveru, sem hún áður hafði. Pragmatistarnir halda því fram að hver sú skoðun, sem er fundin léttvæg frá þessu mannlega, praktiska sjónarmiði, sé gagnslaus, sé ekki þess virði að nokkur maður hafi hana.

Hér er það sem fylgjendur pragmatismans og rationalismans aðallega greinir á. Pragmatistinn segir að margar af hugmyndum þeim, sem rationalistarnir halda fram sem óyggjandi sannleika, skorti alt gildi, og þá líka sannleiksgildi vegna þess að þær standi ekki í neinu sambandi við hið verulega mannlíf, séu svo fjarlægar allri verulegri reynslu, þær geti engar afleiðingar haft í för með sér. Þannig segja þeir t. d. að margar af hinum afdregnu skoðunum rationalistanna á eðli tilverunnar séu svo langt fyrir ofan þann heim, sem vér lifum í, að þær skorti alt verulegt gildi fyrir andlegt líf manna yfir höfuð að tala. Tökum t. d. tvær skoðanir á eðli alheimsins, sem heimspekingarnir hafa deilt um frá fyrstu tínum, þá skoðun að allir hlutir séu undir niðri eitt og hið sama (monism), og þá skoðun, að þeir séu ekki allir hið sama heldur mismunandi eðlis (pluralism). Frá pragmatisku sjónarmiði er tilgangslaut að deila um þessar skoðanir, því það, sem vér í raun og veru vitum um hlutina er það, að þeir eru mjög mismunandi eðlis en eru þrátt fyrir það samansafnaðir í eina heild. Báðar skoðanirnar eru því sannar, en hvor frá sínu sjónarmiði. Fráskilin virkileikanum hefir hvorug skoðanin þýðingu, því um leið og þær eru fráskildar virkileikanum eru þær orðnar að skuggum, sem hafa enga

verulega tilveru. Vér sjáum þá, að til þess að hafa pragmatiskt gildi verða skoðanirnar að hafa þýðingu fyrir hið verulega líf, þær verða að koma við jörðina. En þess ber að gæta að pragmatiskt gildi er ekki hið sama og hagsmunalegt gildi. Það á ekkert skilt við hagsmunalegt gildi fremur en hvert annað gildi, sem mannlífinu tilheyrir. Vitsmunaleg, trúarbragðaleg áhrif verða að skoðast sem pragmatisk áhrif, og svo með hvað annað, sem á einhvern hátt snertir lífið sjálft. Þess ber einnig að gæta, að þegar rætt er um pragmatiskt gildi einhverrar skoðunar eða hugmyndar, þá verður það í rauninni að dæmast frá sjónarmiði hvers einstaklings hversu mikið gildi hún hefr. Ef t. d. að heimspeikkenningar rationalista eins og Hegels hafa þau áhrif á einhvern, að gera líf hans á einhvern hátt auðugra og betra, getur enginn neitað þeim um pragmatiskt gildi, þó að þær hafi engin slík áhrif á fjölda marga aðra.

Það virðist svo að þessi hlið pragmatismans sé veikari en nokkur önnur hlið hans. Hverníg á einn maður að geta dænit um hversu mikið eða lítið gildi einhver skoðun hefir fyrir annan mann. Í rauninni er það ómögulegt vegna þess að hugsunarhátturinn er aldrei nákvæmlega hinn sami hjá nokkrum tveimur mönnum. Vér sem ekki erum stærðfræðingar, sjáum t. d. ekkert annað en kaldar og dauðar reglur í lögum stærðfræðinnar, en frá stærðfræðingsins sjónarmiði eru þessar reglur lifandi heimur, sem hefir þýðingu fyrir hann ekki einungis sem stærðfræðing heldur einnig sem mann. Fyrir þann sem ekki hefir það sem kallað er söngeyra hafa hljóMLEIKAR litha þýðingu. En væri þessvegna rétt af honum að segja að hljóMLEIKAR gætu ekki haft þýðingu fyrir nokkurs manns líf? Allir hljóta að sjá hvað fjarri sanni það væri. Á sama hátt getur jafnvel hin afregnasta heimspeikskoðun haft áhrif, já meira að segja praktisk áhrif, á hugsunarhátt og líf einhvers einstaklings. Samt sem áður er það sannleikur að eintómar rökréttar skoðanir um eðli alheimsheildarinnar eru ekki líklegar til að hafa mjög mikil áhrif á hugarfar manna yfirleitt. Þær eru of fjarlægar mannlífinu sjálfu til þess. Og ráðgáturnar, sem flestir leita úrlausnar á, eru, þegar öllu er á botninn hvolft, ekki alheimsgátur heldur

mannlífsgáttur. Alstaðar er það virkileiki lífsins, sem fyrst verður fyrir mönnum, og það er hann sem liggur til grundvallar fyrir öllum hinum mörgu og erfðu spurningum, sem mennirnir eru að reyna að leysa úr. Þær úrlausnirnar verða því jafnan beztar, sem eru í mestu samræmi við þennan lífs virkileika.

Eins og aðrir fleiri leitast pragmatistarnir við að svara gömlu spurningunni, hvað er sannleikur? Og fyrir ekkert hafa þeir fengið eins óvæga dóma og skoðun sína á því hvað sannleikurinn sé. Rationalistarnir hafa altaf kent að sannleikurinn sé eitthvað eilíft og óumbreytanlegt, eitthvað, sem ætti sér stað hvort sem nokkur þekti hann eða ekki. Í daglegu máli erum vér vön að tala um sannleikann eins og hann væri næstum því persónuleg tilvera; og þegar vér viljum vera skáldleg íklæðum vér hugtakið undir eins í persónulegann eiginleika. Vér erum orðin svo vön við að hugsa okkur bæði sannleika og önnur hugtök sem virkileika í sjálfum sér, að vér vafalaust spryjum mjög sjaldan hvað sannleikur, á þann hátt skoðaður í raun og veru sé. Pragmatistarnir ganga svo langt að segja oss, að það sé enginn sannleikur til í þessari afdregnu merkingu. Þeir segja oss að vér þekkjum ekki neinn sannleika, sem sé fráskilinn sannreynðum. Sannleikurinn er nefnilega ekki eitthvað, sem vér getum fylgt og sniðið hugmyndir vorar, orð og athafnir eftir. Hugmyndirnar, orðin og athafnirnar eru sönn eða ósönn í sjálfum sér; sannleikurinn er annaðhvort í þeim eða hann er hvergi. En hvernig förum vér að vita hvernig eitthvað er satt eða ósatt? Í fyrsta lagi, þegar um hugmyndir er að ræða, með því að vita hve vel þær samsvara þeim sannreynðum sem þær eiga að vera myndir af. Pannig verður t. d. sá, sem vill hugsa sér fjall, að hugsa sér fjall, en ekki dal eða sléttlendi, ef hugmynd hans á að vera sönn. Sá, sem vill hugsa sér kastala hefir ósanna hugmynd ef hann hugsar sér bjálkakofa. Pessi útskýring á sannleikanum er svo óhjákvæmileg að engum dettur í hug að neita því að hún sé rétt. En þessi útskýring er ekki fullnægjandi, hún á ekki alstaðar við. Margar hugmyndir eru als ekki myndir af neinu, sem hægt er að bera þær saman við til að sannfærast um að þær séu réttar. Hvernig verður nú sannleiksgildi

þeirra metið? Aðeins á þann hátt að þekkja allar afleiðingar þeirra, vita hvaða verulega þýðingu þær hafa fyrir þá, sem þær hafa, því um nokkrar aðrar afleiðingar getur als ekki verið að ræða. Þegar oss þessvegna er sagt að einhver hugmynd, sem ekki verður sönnuð með tilsvarandi þekktri sannreynd, sé sönn, þá verðum vér fyrst að spyrja, hvaða afleiðingar hefir hún í för með sér fyrir þá, sem trúa henni, eða hvaða afleiðingar mundi hún hafa í för með sér fyrir oss ef vér tryðum henni? Séu afleiðingarnar þær, sem vór helst óskum eftir í það skiftið þá er hugmyndin sönn fyrir oss. Hún fullnægir þá öllum þeim kröfum, sem vér gerum til hennar, hún vinnur sitt hlutverk, og það gerir hana að sannleika í vorum augum. Þetta er það sem próf. James kallar „cash-value of truth“. Í öðrum orðum, sannleikur er það, sem satt reynist, á þessum eða hinum staðnum og tímanum, dæmt samkvæmt afleiðingum sínum og sambandi við aðra sannleika. Hugmynd míni, látum oss segja, um ásigkomulag íslenzkrar tungu í þessum bæ að hundrað árum liðnum, er ekki nákvæm mynd neinnar sannreyndar, vegna þess að ásigkomulag íslenzkrar tungu hér að hundrað árum liðnum er ennþá ekki orðið að staðreynd. Sannleiksgildi hennar, fyrir mig, er þessvegna í því innifalið hvaða áhrif hún hefir á vilja minn og mátt til að viðhalda íslenzkri tungu hér; og því, hversu vel hún samrýmist við aðrar hugmyndir mínar um framtíð íslenzkrar þjóðar í þessu landi, og máske á aettjörðinni líka. Frá pragmatisku sjónarmiði er þá enginn sannleikur til í vorri daglegu eða skáldlegu merkingu. Sannleikur sem virkileiki frá-skilinn sannreyndum og hugmyndum sem eitthvert mannlifsgildi hafa er ekki til; eða eins og próf. James segir: „there are truths, but no truth“ (in the abstract sense). Vitaskuld má mikið um það deila hvort þetta sé rétt hugmynd, hvort það sé fullnægjandi svar við spurningunni: „hvað er sannleikur?“ Eg geri ráð fyrir að allir þeir, sem hér eru saman komnir hafi hugsjón, sem þeir kalla sannleikshugsjón. Ef svo er, þá geta þeir hinir sömu sagt með nokkrum sanni, að sannleikurinn sé, frá sínu sjónarmiði, eitthvað meira en það, sem felist í öllum sannreyndum og öllum sérstökum hugmyndum eðaa thöfnum. En

hvað væri nú hugsjónin ef hún væri ekki íklædd þessum sannreynum og athöfnum, sem mörgum af oss kunna að virðast ofmikið undir atvikum og kringumstæðum komnar? Flestir munu játa að hún væri þá næsta þokukend og gildi hennar mjög vafasamt. Ef vér ekki viljum gera hugsjónina mæglausa og blóðlausa verðum vér að kannast við að hún sé aðalútkomanum vorum sannreynum og öllun: þeim hugmyndum og athöfnum, sem sannleiksgildi hafa fyrir okkur sem menn og konur.

Eg hefi nú reynt að benda á helztu einkenni pragmatismans. Eins og áður er tekið fram er hann stefna, sem hneigist í vissa átt, en ekki nein fastákveðin skoðun, ennþá sem komið er. Hvort hann muni verða það í framtíðinni, er ervitt að segja, en ekki er ólíklegt, að eftir því sem fylgjendum hans fjölgar, verði þörfin meiri á að setja fram ákveðnari skoðanir á mörgum atriðum en gert hefir verið hingað til. Auðvitað hafa pragmatistarnir nú þegar sínar heimsskoðanir sem einstaklingar þó þeim sé oft brugðið um það af móttöðumönnum sínum, að hugmyndir þeirra snúist aðeins um þá hluti, sem skynjanin nær til. En enginn pragmatisti hefir ennþá gefið heiminum samandregið skoðanakerfi, sem innibindur allan virkileika. Aðalkjarni pragmatismans felst, eins og vér höfum séð, í áherzlunni, sem lögð er á það, sem kalla mætti verðmæti skoðananna. Pragmatistarnir sprýrja ekki að því fyrst og fremst, hvort þessi eða hin skoðunin sé sönn eða ósönn, heldur að því, hvaða verðmæti hún hafi í sér fólgið, og þeir segja að sannleiksgildi hennar fari alt eftir því. Þróf. James kallar þetta verðmæti „*the working value of ideas, their power to create practical results in life.*“ En auðvitað verður orðið verðmæti hér að skiljast í sinni víðtækstu merkingu. Verðmæti af einhverri tegund hafa allir þeir hlutir, sem afleiðingar hafa fyrir lífð sjálft, fyrir hugsunarháttinn og breytnina í þá átt, að gera lífð betra og auðugra, en það mundi vera án þeirra.

Engin stefna verður fyllilega skilin, nema að orsakir hennar og tildrög séu þekkt. Tildrög pragmatismans er að finna í þeirri aðalstefnu heimspekkinnar, sem á hefir verið minnst, og í vísindalegri þekkingu nútímans, sérstaklega í sálarfræðinni.—

Eins og öllum er kuunugt, hafa flestir vísindamenn fjarlægst heimspeki meira og meira nú á síðari árum. Þeir hafa haldið fram að alt, sem ekki væri hægt að sanna á vísindalegann hátt, væri blátt áfram heilaspuni og heimska. Á hina hliðina hafa heimspakingarnir oft og einatt álitíð að sínar skoðanir væru fyrir ofan alla vísindalega þekkingu, og ættu að dæmast frá alveg öðru sjónarmiði. Báðar þessar afstöður eru rangar. Í fyrsta lagi er miklum hluta af hinu andlega lífi hvers manns þannig hattað að þar komast engar vísindalegar sannanir að. Hvernig getum vér t. d., sannað á vísindalegann hátt að vonir vorar og eftirlanganir séu réttar eða rangar, séu þær beztu, sem vér getum haft eða ekki þær beztu o. s. frv. Þær eru það sem þær eru, þær eru oft og tíðum það þýðingarmesta, sem vér eignum til í eigu vorri, og oss dettur ekki í hug að sundurliða þær og rannsaka vísindalega. En þar með er þó ekki sagt að vér getum haft hvaða hugmyndir, sem oss kunna að þóknast án þess að taka tillit til vísindalegrar þekkingar. Setjum svo að vér tryðum því að Elías spámaður hafi verið uppnuminn héðan af jörðunni, til himins í vagni, eins og biblán segir. Vér gætum sagzt trúa sögunni af því vér hefðum einusinni tekið í oss að trúa öllu, sem í biblunni stæði, eða vegna þess að hún væri falleg, það væri huggun að vita að einn maður að minsta kosti hefði farið til betri heima á þann þægilega hátt. Vér gætum haft nógar ástæður til að trúa sögunni. En ef vér gerðum það kæmum vér strax í bága við vísindalega þekkingu. Vér vitum að vagnar ferðast ekki í loftinu, vér vitum að það er enginn himinn hér uppyfir jörðinni í þeim skilningi, sem sagan segir frá, og vér vitum að menn geta ekki yfirgefisíð þennan heim í neinum flutningsfærum. Þess vegna verðum vér að játa að sagan hafi ekkert gildi sem lýsing á viðburði, er virkilega hafi átt sér stað. Auðvitað er ekki þar með sagt að sagan geti ekki haft eitthvert annað gildi fyrir oss. Hið sama má segja um allar vorar skoðanir, þær þýðingarmestu sem hinrar litilmótlegustu. Gildi þeirra verður að metast eftir því í hvaða sambandi þær standa við aðrar skoðanir, og eftir því hversu vel þær eru samrýmanlegar við það sem vér köllum áreiðanlega þekkingu, en sem í þessu

sambandi er í rauninni ekkert annað en skoðanir, er hafa svo mikið gildi að vér álitum að vér megum ekki án þeirra vera. En þetta er ekki hið eina gildi, því margar skoðanir, og flest það, sem við köllum tilfinningar, hafa alveg sérstakt gildi, sem kemur þekkingu ekkert við. Pragmatistarnir halda því þess vegna fram að það sé gildi hverrar skoðunar eða hugmyndar, sem fyrst verði að takast til greina áður en hægt sé að ákveða hvaða sannleika hún hafi að geima eða hvort hún sé þess virði að hún sé aðhylst. Þeir neita því að nokkur hugmynd geti haft gildi á nokkurn annan hátt en þann, sem beinlínis tilheyri mannlífinu sjálfu. Í öðrum orðum, það er alveg nauðsynlegt að hver skoðun eða hver hugmynd, sem vér höfum, standi í lifandi sambandi við alt það er við köllum einstaklingslíf, án þess hefir hún enga þýðingu, engan sannleik að geyma.

Þeir, sem dálitið þekkja sögu heimspekinnar munu fljótt sjá að grundvallar atriði pragmatismans eru ekki ný. Sú skoðun að af ávöxtunum skyldu menn þekkja, ekki einungis sugarfar einstaklinganna heldur og einnig nytsemi skoðana og kenninga, frá siðferðislegu sjónarmiði, hefir altaf verið ríkjandi á meðal manna. Sókrates kendi það fyrir meira en 2300 árum síðan, og Jesú frá Nazaret kendi það einnig. Ef vér tökum beinlínis heimspeislegar skoðanir til samanburðar þá sjáum vér að raunspekin (positivism) sem kend er við frakkneska heimspekinginn Comte, er náskyldur pragmatismanum að því leyti að báðar stefnurnar leggja aðaláherzluna á reynsluna sem grundvöll hugmyndanna. Raunspekin er samt semi áður viss skoðun á eðli tilverunnar, sem fáir pragmatistar munu aðhyllast. Sömuleiðis má segja að nytsemiskenningin (utilitarianism) á Englandi hafi verið að mörgu leyti sömu tegundar. En þrengri og éaðgengilegri, vegna þess, að samkvæmt henni mælast allir hlutir á kvarða hagsmunalegrar notkunar. Tveimur mónum má ekki gleyma þegar talað er um sögulega fyrirrennara pragmatismans. Þeir eru enski heimspekingurinn David Hume og hinn ódauðlegi Immanuel Kant. Vitaskuld voru þeir ekki pragmatistar á sama hátt og próf. James og aðrir nýlifandi heimspekingar, en báðir unnu í sömu aðalstefnu með því að sópa í burtu öllum

þeim mauravef af yfirskilvitlegum heimspekisskoðunum, er fyrirrennarar þeirra höfðu ofið, alveg tillitslaust til allrar reynslubekkingar. Kant ennfremur bygði upp trúfrædis og síðfrædis kerfi, sem voru pragmatisk hvað tilganginn snerti að minsta kosti. Að öllum líkendum mundi okkur nú ekki geðjat sem bezt að trúfræði Kants, og ef til vill ekki að síðakennungum hans heldur, en svo eru líka um hálfst annað hundrað ár síðan hann ritaði bækur sínar. Pragmatisminn er þess vegna, eins og próf. James segir, ekki nýr; hann hefir altaf verið til, og aðalatriði hans hafa altaf verið kend i einhverri mynd. En sem hreyfing eða ákveðin stefna er hann nýr.

Að endingu vil eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um pragmatismann í sambandi við trúmál. Er hann samrýmanlegur við nokkur trúarbrögð eða er hann samrýmanlegur við öll trúarbrögð? Það skal tekið fram, að James, Schiller og aðrir pragmatistar, er hafa skrifsað bækur um hina nýju stefnu, ræða ekki trúarskoðanir sérstaklega. Sem heimspekingar eru það auðvitað líffskoðanir og heimsskoðanir, sem þeir raða um fyrst og fremst. En slíkar skoðanir virða ekki auðveldlega aðgreindar frá trúarskoðunum. Trúarskoðanir yfir höfuð að tala eru rationaliskar. Eg meina ekki þar með að trúarskoðanir yfir höfuð séu skynsamlegar. En hinar verulegu trúarskoðanir, hjá þeim sem þær hafa, eru vitsmunalegar, það er að segja, þær eru rökfræðislega bygðar á einhverjum viðteknum grundvelli, og sameinaðar í einhvers konar kerfi samkvæmt einhverjum vissum reglum. Trúarskoðanir eru auðvitað aðfinlega álitnar að vera sannar, af þeim sem trúá þeim. Og þær eru álitnar að vera sannar í sjálfum sér án tillits til allra afleiðinga og áhrifa, er þær kunna að hafa í för með sér. Allar orþodoxíur, hverju nafni sem þær nefnast, eru að þessu leytí ópragmatiskar. Rétttrúnaður er þeirra aðalatriði, og rétttrúnaðurinn er í því innifalinn að trúá vissum kennungum, sem álitnar eru að hafa örannsakanlegt sannleiksgildi í sjálfum sér. Þetta segi eg, að sé og verði að vera aðalatriði í hverjum þeim trúarbrögðum er hafa fastákveðið trúfræðiskerfi. Og eins og vér vitum hafa það verið forlög flestra trúarbragða að verða fyr að síðar að þess-

konar kerfum þó þau hafi ekki byrjað á þann hátt upprunalega. En þrátt fyrir alla áherzluna á rétttrúnað og óskeikulleika vissra skoðana hefir sú meðvitund altaf ríkt í hugsun einhverra að trúarbrögðin ættu að vera eitthvað annað meira en þetta. Sagan sýnir að rétttrúnaðurinn einn hefir aldrei fullrægt öllum mönnum. Nokkrir hafa jafnan spurt, til hvers er trúin ef hún ekki hefir þær afleiðingar á mannlífið sjálft, sem að síðferðis meðvitund mannsins krefur að hún hafi. Að vísu hafa hugmyndirnar, um það, hverjar afleiðingarnar ættu að vera, ekki æfinlega verið réttar, en hver vill samt neita því að þær hafi stefnt í rétta átt? Þetta er pragmatismi í trúarbrögðum, nefnilega að gildi trúarskoðananna sé metið eftir þeim áhrifum, er þær hafa á hvert einstaklingslíf. Um það hver áhrifin séu bezt og heilla-vænlegust geta orðið skiftar skoðanir, og í því efni getur einskis eins eða fárra manna dómur verið óskeikull. Mannlífssreynslan í heild sinni verður að skera úr því.

Einhver vill nú máske segja að þetta sé ekki réttur mæli kvarði til að meta gildi allra trúarskoðana. Hann vill máske halda því fram, að hann hafi t. d. eina guðshugmynd fremur en aðra, vegna þess, að hann viti að hún sé rétt. En hvernig fer hann að vita að hún er rétt? Hann gæti haldið fram að hann vissi það vegna þess að einhver, sem hann treysti, segði svo, eða vegna þess að hans eigin skynsemi segði honum það. En hvort sem nú er, þá er hans guðshugmynd því aðeins sönn og rétt fyrir hann, að afleiðingar hennar séu sannar og réttar. Ef einhver hefir guðshugmynd, sem engar afleiðingar hefir fyrir líf hans, þá er það sama og hann hafi enga guðshugmynd. En vér megum ekki skilja orðið afleiðingar í þessu sambandi, í of þróngri merkingu. Afleiðingarnar geta verið margháttar, en þær verða verulega að eiga sér stað ef hugmyndin á að hafa gildi. Ef þessvegna vér spyrjum hvaða trúarskoðanir séu réttar frá pragmatisku sjónarmiði, þá verður svarið: þær einar sem hafa starfsgildi, „working value,“ eins og próf James segir, í mannlífinu. Án þess eru allar trúarskoðanir, hvað hárréttar sem þær kunna að vera frá hugsanafrædislegu sjónarmiði, alveg eins og lög, sem ekki væru sniðin handa neinu fólki til að breyta

eftir, eða í neinu öðru augnamiði, heldur aðeins vegna þess að einhverjum findist lög í sjálfum sér vera nauðsynleg, þær væru með öðrum orðum dauðar og þýðingarlausar.

Eg ætla ekki að fara út í þá sálma hér að tala um hvaða trúarskoðanir nútímans séu sannar frá pragmatisku sjónarmiði. Eg vil aðeins segja að fyrir fólk, sem alvarlega vill hugsa nán um þau efni, eru þær einar trúarskoðanir sannar, sem ekki koma í bága við þekkingu nútímans á heiminum, og umfram allt annað þær, sem lyfta mænum upp á hærra stig manndóms og göfugrar lífsbreytni.

Af því sem sagt hefir verið vona eg að þér hafið fengið dálitla hugmynd um aðalstefnu pragmatistanna. Mér er fullljóst að það hefir aðeins verið mjög lauslegt yfirlit. Þeim, sem það geta, vildi eg ráða til að lesa hina ágætu bók próf. James, „Pragmatism“, því hvergi hafa aðalatriði stefnunnar verið sett fram jafngreinilega, og jafnlaust við flókna röksemdafærslu, sem einkennir flest heimspekkisrit, og í þeirri bók.



MINNI KVENNA.

Flutt á Íslendinga-daginn í Winnipeg 2. Ágúst. 1908

I.

Sem draumbrot um framtíðar frægð,
sem frjómold á smáblettum plægð,
sem viðkvæm og veikblaða rós,
sem vindhrakið, blaktandi ljós
er þjóðréttur ykkar—hann þroskast með hægð.

En draumarnir fyllingu fá
og frjóblettir samhengi ná
og rósinni lífsþróttur ljæst
og ljósínu eldþroski næst,
en skilyrðið?— það er að þið takið á.

II.

fá, systír, þér er meir en mál að vakna
og mál að slíta höft af særðum fæti
og mál að heimta hærra, stærra sæti,
að heimta jöfnuð—fullan réttarbæti.
Já, mál úr fornu þraeldómsroti' að rakna.

Þú veiðt hinn sterki veikleik fyrirlítur,
þú veiðt að það er eðli grimmra dýra
með öllum brögðum þeirra rétt að rýra
já, ránkló jafnvel bera' að eigin hlýra,
en sá er virtur, sem að hlekkinn brýtur.

Og minni þitt á þessum helga degi
sé þúsund sinnum betra nokkru skjalli,
sé þúsund radda brennheit bæn, er falli
sem bára sterk að frelsisguðsins stalli,
um höggvin bönd og hug að ryðja vegi.

Sig. Júl. Jóhannesson.



HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvart sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.
RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.